

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 40 5. febrúar 1963, um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetjum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 15. apríl 1968 skal óheimilt að leggja þorskanet á svæði því, er um getur í 2. gr. auglýsingarinnar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 22. marz 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 44.

6. marz 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kristjáns og Valgarðs Blöndal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 6. marz 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristjáns og Valgarðs Blöndal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns og Valgarðs Blöndal.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Sparisjóðs Sauðárkróks 14. apr. 1934 með kr. 1500.00 framlagi úr varasjóði Sparisjóðsins, í minningar og þakkarskyni við Kristján Blöndal, sem verið hafði starfsmaður sjóðsins í aldarfjórðung. Við sjóðinn var bætt kr. 10 000.00 framlagi í minningu Valgarðs Blöndal, fyrrv. formanns sparisjóðsstjórnar, á aðalfundi Sparisjóðsins.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks. Hætti Sparisjóðurinn starfrækslu, skal sjóðurinn ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands, útibúi á Sauðárkróki.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla Bókasafn Barnaskóla Sauðárkróks og til kaupa á listaverkum, er prýði húsakynni skólans.